

# Spilling

Spilling er eins og mengun. Önnur spillir efnahagslífinu auk annars, hin spillir náttúrunni. Hvorugt er gott.

Það verður samt aldrei hægt að útrýma spillingu með öllu úr mannlegu félagi, ekki frekar en mengun, þótt við fegin vildum, því að það yrði einfaldlega of dýrt. Þess vegna umberum við spillingu í stað þess að skera upp herör gegn henni alltaf og alls staðar, þar sem hennar verður vart. Og þess vegna þolum við umhverfismengun af ýmsu tagi í stað þess að eyða henni jafnharðan og hún gerir vart við sig. En það er engu að síður hægt að draga úr spillingu eins og mengun og milda afleiðingar hennar fyrir þjóðlífið með ýmsum ráðum, þótt við þykjumst ekki hafa ráð á því að uppræta hana alveg. Um það fjallar þessi grein.

Hvað er spilling? Hér verður eingöngu fjallað um *efnahagsspillingu*, það er um meðvitaða mismunun í þeim tilgangi að færa verðmæti eða hlunnindi í hendur óverðugra viðtakenda á kostnað annarra. Efnahagsspilling skerðir lífskjör almennings með þessu móti og er þess vegna verðugt íhugunarefni handa hagfræðingum. Hún getur ýmist verið lögleg (eins og til dæmis frænddrægni, öðru nafni *nepotismi*) eða ólögleg (til dæmis mútur).

Efnahagsspilling getur verið af ýmsu tagi: fjármálaspilling, fríðindaspilling, fyrirgreiðsluspilling og útnefningarspilling. Um þessa fjóra flokka verður fjallað hvern fyrir sig í stuttu máli hér á eftir. Siðspilling verður hins vegar látin liggja á milli hluta hér, þótt hún væri verðugt viðfangsefni á öðrum vettvangi, enda liggur hún utan við alfaraleið hagfræðings.

## 1. Fjármálaspilling

Sumir líta svo á, að fjármálaspilling innan vissra marka sé eðlileg og óhjákvæmileg í efnahagslífi, því að hún greiði fyrir viðskiptum -- nokkurn veginn eins og olía smyr vél. Þessi skoðun er algeng sums staðar, til dæmis í ýmsum Arabalöndum. Þar gera menn ekki alltaf skýran greinarmun á mútugreiðslum og gestrisni við viðskiptavini.

Í okkar heimshluta eru mútur hins vegar ólöglegar víðast hvar. Rökin fyrir því að banna mútur með lögum eru efnahagsleg öðrum þræði. Mútur valda ekki aðeins ranglæti, heldur einnig óhagræði. Hugsum okkur til að mynda verktakafyrirtæki, sem mútar byggingarstjórn til að taka tilboð fyrirtækisins fram yfir önnur hagstæðari tilboð. Með þessu beitir verktakinn keppinauta sína ranglæti og leggur auk þess óréttmætan kostnað á byggjandann og viðskiptavini hans. Lögum gegn mútum er ætlað að vernda almenning gagnvart óréttlæti og óhagkvæmni af þessu tagi og einnig að stuðla að heilbrigðri og eðlilegri samkeppni á tilboðsmarkaði og annars staðar. Hagkvæmnisrökin gegn mútum eru óháð réttlætisrökunum: mútur væru efnahagsvandamál, jafnvel þótt menn hefðu ekkert að athuga við siðferðishlið málsins. Mútupægni er reyndar tvöfaldur glæpur, því að mútur eru ekki gefnar upp til skatts.

Lög gegn mútum ná þó yfirleitt ekki tilgangi sínum, ef önnur lög og reglur og innviðir samfélagsins leggja ómótstæðilegar freistingar fyrir fólk. Tökum Indland til dæmis. Alls kyns höft og skömmtun voru höfuðeinkenni hagstjórnarháttanna þar í landi um langt árabíl, en indversk stjórnvöld eru að vísu nýbyrjuð að bæta ráð sitt og það myndarlega. Menn þurftu leyfi í ráðuneytum til allra skapaðra hluta: útflutningsleyfi, innflutningsleyfi, gjaldeyrisleyfi, byggingarleyfi, rekstrarleyfi, söluleyfi og þannig áfram endalaust. Það þarf ekki mikið hyggjuvit til að sjá, að slíkir stjórnarhættir eru gróðrarstía spillingar, enda hefur raunin verið sú á Indlandi. Þar hafa lágt launaðir embættismenn og stjórnámálamenn þegið mútur í stórum stíl fyrir að veita leyfi, sem þeim bar þó lagaskylda til að veita án endurgjalds. Þeir stóðust ekki freistinguna, sem haftabúskapurinn og meðfylgjandi skömmtunarvald lögðu fyrir þá. Það liggur í mannsins eðli að falla í freistni. Þetta er segin saga í mörgum þróunarlöndum og víða annars staðar. Haftabúskapur og lág laun eru hættuleg blanda.

Ítalía er annað dæmi. Þar hafa margir hátt settir stjórnámálamenn verið hneptir í gæzluvarðhald undanfarnar vikur og mánuði vegna gruns um alvarlegt fjármálamisferli í tengslum við útboð opinberra framkvæmda. Meinsemdin á Ítalíu er að vísu ekki fólgin í höftum og skömmtun eins og á Indlandi, heldur miklu frekar í óhóflegu veldi stjórnámálflokkanna og misbeitingu þess. Þetta veldi teygir anga sína um allt þjóðlífið þar syðra: hljóðfæraleikari getur til dæmis yfirleitt ekki komizt í óperuhljómsveit, nema hann hafi komið sér í mjúkinn hjá einhverjum stjórnámálflokknum fyrst. Stjórnvöld hafa gætt þess vandlega alla tíð að skilja stjórnarandstöðuna ekki út undan. Flokkarnir hafa skipt stofnunum þjóðfélagsins á milli sín í stóru og smáu eins og þýfi. Þannig hafði kommúnistaflokkurinn í Mílanó tögl og hagdir í strengjasveit óperuhljómsveitarinnar á La Scala til skamms tíma; ég man samt ekki í svipinn, hvernig hinir flokkarnir skiptu öðrum hljóðfærum í hljómsveitinni á milli sín.

Ítalskir stjórnámálamenn láta sér fátt eða ekkert óviðkomandi. Þeir deila og drottna yfir öllum útboðum á vegum ríkis og sveitarfélaga til dæmis. Það hefur orðið mörgum þeirra að falli að undanfögnu: þeir hafa freistazt til að þiggja fé af byggingarfyrirtækjum í flokkssjóði og jafnvel handa sjálfum sér, þótt hvort tveggja varði við lög. Sjötíu stjórnámálamenn í Mílanó hafa verið ákærðir eða mátt sæta rannsókn fram að þessu; talan heldur áfram að hækka. Stjórnámálfífið í landinu hefur leikið á reiðiskjálf í marga mánuði af þessum sökum. Spillingin er ekki bundin við stjórnvöld, ekki frekar en í dæminu af strengjasveitinni í Scalaleikhúsinu að framan. Það var aldeilis ekki stjórnarandstaðan, sem afhjúpaði mútuhneykslið, sem nú er efst á baugi á Ítalíu, heldur var það strangheiðarlegur héraðsdómari, sem þorði að þjóða stjórnámálamönnunum byrginn við ósvikinn fögnuð meðal almennings.

Svipuð vandamál hafa komið upp nýlega í Frakklandi, á Spáni og í Grikklandi, þar sem stjórnarflokkar jafnaðarmanna hafa tekið við ólöglegum eða að minnsta kosti vafasömum fjárframlögum í kosningasjóði. Og forseti Brasilíu hrökklaðist frá völdum fyrir nokkru, eftir að upp komst, að hann hafði þegið fé úr sjóðum, sem ýmis fyrirtæki höfðu greitt í til að tryggja sér aðgang að og áheyrn hjá mönnum forsetans auk annars.

Japan er kaþítuli út af fyrir sig. Þar hafa stjórnarleiðtogar og stjórnarandstæðingar orðið uppvísir að því að þiggja mútur hvað eftir annað á liðnum árum, nú síðast fyrir milligöngu japönsku mafíunnar. Japanar njóta þess, að dagblöð og dómstólar eru

óháð stjórnvöldum, því að annars er ekki víst, hvort þessi mútuhneyksli hefðu verið dregin fram í dagsljósið. Margir hátt settir stjórnámamenn í Japan, þar á meðal tveir forsætisráðherrar, hafa neyðzt til að segja af sér vegna fjármálaspillingar á undanförunum árum. Spillingin stafar að nokkru leyti af meingallaðri löggjöf um fjárreiður stjórnámáflokka, en kosningabarátta í Japan er óheyrilega dýr og kallar því á mikil fjárframlög til flokkanna og í kosningasjóði einstakra frambjóðenda. Ýmsum þeirra hefur orðið hált á því svelli.

Japan og Ítalíu svipar saman að því leyti, að í báðum löndum hefur einn og sami stjórnámáflokkur eða öllu heldur hagsmunabandalag verið við völd næstum óslitið frá lokum heimsstyrjaldarinnar síðari -- ekki fyrir eigin verðleika fyrst og fremst að því er virðist, heldur sumpart vegna andúðar almennings á stjórnarandstöðuflokkum, sem sóttu ýmsar fyrirmyndir sínar til Sovétríkjanna fyrrverandi og í svipuð pláss. Ítalskir og japanskir kjósendur hafa þess vegna ekki séð sér fært að refsa stjórnvöldum verulega í kjörklefanum enn sem komið er, enda hefur stjórnarandstaðan í þessum löndum ekki heldur haft hreinan skjöld. Ýmislegt bendir þó til þess, að þolinmæði almennings gagnvart stjórnvöldum á Ítalíu og í Japan sé í þann veginn að þrjúta og uppgjör sé í aðsigi, meðal annars vegna þess að Sovétríkin eru hrugin og hræða ekki lengur.

Hvað um það, reynsla allra þessara landa vitnar um nauðsyn þess, að sett séu lög eða reglur um fjármál stjórnámáflokka til að koma í veg fyrir óeðlilega fjáröflun flokkanna. Sænskir stjórnámáflokkar þiggja til að mynda engin framlög af einkafyrirtækjum eða hagsmunasamtökum til að liggja ekki undir grun um að draga taum þeirra við löggjöf og landsstjórn, en þá eru fjárhagstengsl sænska Alpýðusambandsins og Jafnaðarmannaflokksins í Svíþjóð að vísu undan skilin. Í flestum öðrum löndum gilda skýrar reglur um fjárframlög og aðrar gjafir fyrirtækja og einstaklinga til stjórnámáflokka og til stjórnámamanna og embættismanna, til dæmis um hámarksfjárhæðir, skrásetningu og skattlagningu, til að koma í veg fyrir óeðlileg hagsmunatengsl og meðfylgjandi óhagræði og ranglæti. Hér heima gilda á hinn bóginn engar slíkar reglur eða lög. Úr því þarf að bæta.

## 2. Fríðindaspilling

Fríðindi tíðkast alls staðar. Einkafyrirtæki veita starfsmönnum sínum, einkum stjórnendum, ýmislega umbun í fríðu auk launa, til dæmis ókeypis afnot af bíl eða jafnvel húsnæði. Við þetta er yfirleitt ekkert að athuga, svo lengi sem fríðindi eru skattlögð með svipuðum hætti og laun, því að ella gætu fyrirtæki gengið á lagið og greitt mönnum mikinn hluta launa sinna í skattfrjálsum fríðindum og varpað skattbyrði samfélagsins yfir á aðra í stórum stíl með því móti. Ríkið fer eins að: það er umsvifamikill vinnuveitandi og veitir starfsmönnum sínum, einkum þingmönnum, ráðherrum og stjórnendum ríkisstofnana, ýmis fríðindi. Við það er ekki heldur neitt að athuga yfirleitt, sé þess gætt, að fríðindin leiði ekki til misréttis gagnvart skattalögum.

Eigi að síður geta ótæpileg fríðindi haft ýmsar ófyrirhugaðar og óæskilegar afleiðingar í för með sér. Tökum bílafríðindi til dæmis. Ef fyrirtæki byði starfsmönnum sínum að velja á milli ókeypis afnota af bíl og andvirðis fríðindanna í reiðufé, myndu margir starfsmenn vafalítið heldur þiggja peningana, ef þeir mættu ráða. Þetta stafar af því,

að þannig hefðu þeir fulla stjórn á því sjálfir, hvort þeir notuðu launaaukann í akstur eða í eitthvað annað. Margir myndu trúlega fá sér ódýrari bíl en ella og aka minna og ráðstafa afganginum af peningunum á annan hátt. Af þessu má ráða, að fríðindi eru yfirleitt óhagkvæm að því leyti, að þau hvetja fólk til að fara öðruvísi með fé og hegða sér öðruvísi en það vildi helzt sjálft, ef það fengi að vera í fríði. Bílafríðindum fylgja til að mynda meiri akstur, meiri umferð og meiri mengun um leið að öðru jöfnu.

Og svo er eitt enn. Það er ef til vill engin tilviljun, hversu oft stjórnvöld hér heima hafa ákveðið að hækka bensíngjöld á liðnum árum umfram aðrar álögur: þeir, sem eiga frumkvæði að þessum ákvörðunum, borga bensínið sitt yfirleitt ekki sjálfir. Það er svo aftur annað mál, að bensíngjöld eru hagfelldari en ýmsir aðrir skattar, af því að þau draga úr bílaumferð og meðfylgjandi mengun að öðru jöfnu, en það er auðvitað ekki haldbær röksemd með því, að sumir eigi að greiða hátt verð fyrir bensín, en aðrir ekki. Og svo eru bílafríðindi ranglát gagnvart þeim, sem aka ekki bíl.

Svipuðu máli gegnir um áfengi, sem íslenskir stjórnámálamenn og embættismenn eiga niðurgreiddan og stundum jafnvel ókeypis aðgang að samkvæmt eigin ákvörðun. Til skamms tíma voru starfsmönnum stjórnarráðsins afhentar áfengisflöskur í brúnum bréfpokum á Þorláksmessu með kveðju frá ráðherranum eða ráðuneytisstjóranum. Margir starfsmenn hefðu heldur kosið að fá andvirðið greitt í reiðufé; þeir hefðu alltént getað keypt vínið fyrir peninginn, ef það var það, sem þeir vildu helzt. Þetta er ekki ný bóla: sænskum verkamönnum á síðustu öld var til að mynda iðulega greitt í brennivíni í staðinn fyrir beinharða peninga. Það er hugsanlegt, að haftastefna sænskra stjórnvalda í áfengismálum fram á þennan dag eigi að nokkru leyti rót sína að rekja til þeirra hörmunga, sem ofdrykkja leiddi til í landinu á fyrri tíð.

Hvað um það, áfengisfríðindum fylgir sami galli og bílafríðindum og öðrum fríðindum yfirleitt: þau stuðla að ofneyzlu áfengis og óhóflega háu vínverði til almennings og draga þannig úr líkum þess, að heilbrigð evrópsk vínmenning geti náð að festa rætur hér til þjóðþrifa. Meðal annars þess vegna eru áfengiskaupafríðindi óæskileg. Auk þess eru áfengisfríðindi ranglát gagnvart bindindismönnum.

Verðmismunun getur að vísu verið eðlileg og æskileg, þegar hún á við. Það er til dæmis ekkert við það að athuga, að ferðaskrifstofur selji ferðir til útlanda dýrara verði um annatímamann en ella til að dreifa álaginu, þvert á móti. Engin slík rök hníga þó að tvöföldu áfengisverði, einu verði (eða engu) handa stjórnámálamönnum og útvöldum embættismönnum og öðru handa almenningi -- nema síður sé.

Hvernig er það, kann nú einhver að spyrja, er óhætt að bjóða hagfræðingi heim til sín í kvöldmat? Kemur hann ekki með þúsund krónur í umslagi handa húsfreyjunni til að vera samkvæmur sjálfum sér, svo að hún geti ákveðið það sjálf, hvort hún kaupir sér blómvönd eða vínflösku fyrir peninginn eða bjóði bóndanum í bíó daginn eftir, ef sá gállinn er á henni? Nei, alls ekki, segi ég, menn verða að kunna mannasiði. Peningar handa gestgjafanum eiga jafnilla við og ótæpileg fríðindi, sem stjórnámálamenn skammta sjálfum sér og vinum sínum. Hvort tveggja vitnar um vandan smekk.

(Já, einmitt það, kann nú einhver annar að hugsa. Er það þá ekki líka til marks um vandan smekk að vilja hætta að styrkja bændur í fríðu með niðurgreiðslum, útflutningsbótum, innflutningsbanni og svo framvegis og byrja að borga þeim beint í staðinn eða jafnvel ekki neitt? Er bóndinn þá ekki kominn í spor húsfreyjunnar, sem

stendur stjörf með seðlabúnt í stað rauðvíns og rósa í forstofunni? Nei, segi ég, af þeirri einföldu ástæðu, að bændur eru ekki gestgjafar okkar hinna. Það er munurinn.)

Svo er önnur hlið á þessu máli. Stjórnvöldum hættir til að skammta sjálfum sér forréttindi til að firra sig kostnaði, umstangi eða óþægindum á ýmsum sviðum, þar sem þörfin er mest fyrir umbætur handa almenningi. Það er á allra vitorði, að stjórnámálamenn og ýmsir skjólstæðingar þeirra áttu yfirleitt greiðari aðgang en annað fólk að lánsfé og erlendum gjaldeyri í bönkunum á þeim árum, þegar hvort tveggja var skammtað. Þessi forréttindi kunna að hafa slævt skilning stjórnvalda á nauðsyn þess að taka upp markaðsvexti og markaðsgengi til að leysa skömmunarbúskapinn af hólmi.

Af þessu getum við dregið einfalda, almenna ályktun. Fríðindum handa stjórnámálamönnum og embættismönnum þarf að stilla í hof til að sljóvga ekki skilning þeirra á nauðsynlegum umbótum í þjóðfélaginu. Ef valdsmönnum tekst að skjóta sér undan afleiðingum gerða sinna í skjóli forréttinda, sem þeir skammta sjálfum sér án heilbrigðs aðhalds og eftirlits, þá er hætt við því, að ákvarðanir þeirra verði óskynsamlegri en ella fyrir vikið og til óþurftar fyrir almenning.

### 3. Fyrirgreiðsluspillling

Nú viku sögunni aftur til Indlands. Þar ríkti engin spilling að kalla, þegar landið hlaut sjálfstæði frá Bretum árið 1947. Nú bendir hins vegar ýmislegt til þess, að talsverður hluti þjóðarteknanna í þessu fjölmenna landi -- sumir segja upp undir helmingur -- sé „svartur“, það er að segja óskráður og þar af leiðandi skattfrjáls. Líku máli gegnir um grannlandið Bangladesh. Áætlunarbúskapur, höft og skömmun að sovézki fyrirmynd hafa áreiðanlega átt mikinn þátt í þessu.

Þegar spilling kemst á ákveðið stig, verður hún iðulega smitandi og byrjar að breiðast út. Sums staðar í Bangladesh hafa stjórnámálamenn og embættismenn til að mynda dregið sér svo mikið fé úr sjóðum, sem voru ætlaðir sveltandi fólki í sveitum landsins, að almenningur trúir næstum hverju sem er á yfirvöld. Þetta hefur leitt til þess, að jafnvel strangheiðarlegir menn hafa talið sig tilneydda að taka þátt í spillingunni -- með því að múta atvinnurógberum til þess að bera ekki fram tilhæfulausar ásakanir um spillingu!

Tökum annað dæmi, nú frá Nýju Delí. Þar í borg getur það auðveldlega tekið fimm ár að fá síma. Margir freistast því til að troða sér fremst í biðröðina með hjálp einhvers greiðvikins embættismanns á Pósti og síma á kostnað annarra, sem þurfa þá að bíða enn lengur eftir síma en ella. Ef enginn træði sér fremst í röðina, þyrfti biðin eftir síma ekki að taka nema kannski þrjú ár fyrir alla. Þeir, sem troða sér fremst, lengja því biðtíma hinna um tvö ár. Þannig fá menn tvö ár fyrir að fara að lögum. Þess háttar réttlæti knýr enn fleiri til að troða sér fremst í röðina, og biðtími hinna heldur þá áfram að lengjast. Þannig þyngist refsingin fyrir ráðvendni, og spillingin magnast stig af stigi. Ráðvendni lýtur sömu lögmálum og annað í efnahagslífinu: hún minnkar, ef hún er „skattlögð“ um of.

Svipuðu máli gegnir um höft og skömmtun af öllu tagi, jafnvel þótt vingjarnleg fyrirgreiðsla kunni að virðast meinlaus á yfirborðinu. Stjórnmalamaður, sem neytir aðstöðu sinnar í ríkisbanka eða sjóði til að útvega stuðningsmanni sínum (eða sjálfum sér) ódýrt lán, gerir það alltaf á kostnað einhvers annars. Stjórnmalamaður, sem beitir áhrifum sínum til að koma skjólstæðingi sínum í sjúkrarúm á ríkisspítala eða í niðurgreidda þjónustuíbúð handa öldruðum, lengir biðtíma annarra sjúklinga og ellilífeyrisþega. Afskipti stjórnmalamanna af bönkum, sjúkrahúsum og félagsíbúðum leiða ævinlega til mismununar og misréttis. Það liggur í hlutarins eðli. Þess vegna eiga stjórnmalamenn ekki að sitja í bankaráðum eða sjúkrahússtjórnnum og ekki heldur að koma nálægt úthlutun félagsíbúða eða annarra opinberra hlunninda -- jafnvel þótt þeir kunni að hafa vit á viðkomandi rekstri, sem er sjaldgæft hér heima.

En þetta er ekki allt. Við réttlætisrökin gegn afskiptum stjórnmalamanna af rekstri banka, spítala og annarra ríkisstofnana bætast hagkvæmnisrökin, sem voru reifuð að framan: þau rök, að fyrirgreiðsluspilling hneigist til þess að hlaða utan á sig með tímanum og draga þrótt úr efnahagslífínu með því til dæmis að færa niðurgreitt lánsfé og önnur hlunnindi í hendur óverðugra skjólstæðinga stjórnmalamanna á kostnað annarra, sem kunna betur með fé að fara. Þennan vanda er hægt að leysa að nokkru leyti með einkavæðingu banka og annarra lánastofnana, svo sem nú er stefnt að hér á landi og annars staðar, til dæmis á Ítalíu, þar sem bankar eru ýmist í einkaeigu eða ríkiseign. Jafnframt þyrfti að vernda almenning gegn misbeitingu stjórnmalavalds með löggjöf, sem takmarkaði eða kæmi jafnvel í veg fyrir setu stjórnmalamanna í stjórnnum ríkisfyrirtækja, byggingarráðum og úthlutunarnefndum af öllu tagi á svipaðan hátt og ráðherrum og bankastjórum er bönnuð seta í stjórnnum einkafyrirtækja með lögum til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, og þykir sjálfsagt. Stutt spor í þessa átt er stigið í nýju seðlabankalagafrumvarpi, sem liggur nú fyrir Alþingi, en þar eru gerðar hæfniskröfur til bankastjórnenda í fyrsta skipti.

#### 4. Útnefningarspilling

Snúum nú aftur til Indlands. Þegar fjármála-, fríðinda- og fyrirgreiðsluspilling er bundin við yfirstéttina að miklu leyti eins og raun er á þar eystra, þá getur spillingin orðið að stöðutákni. Þá vilja menn helzt ekki láta það spyrjast, að þeir þurfi að bíða eftir því að fá síma, til að vekja ekki grunsemdir um, að þeir hafi ekki sambönd á réttum stöðum í stjórnkerfinu. Þetta fyrirbæri getur tekið á sig ýmsar myndir. Þannig gerðist það fyrir nokkru í Nýju Delí, að maður nokkur, sem var skipaður í virðulegt embætti í einu ráðuneytanna fyrir eigin verðleika, kaus að dreifa þeim orðrómi, að hann hefði fengið starfið í gegnum frænddrægni, því að þannig þóttist hann geta notið meiri virðingar í ráðuneytinu, ekki sízt meðal undirmanna sinna.

Af öllum tegundum efnahagsspillingar getur útnefningarspilling valdið mestum og langvinnustum skaða, þegar allt kemur til alls. Það er til dæmis alkunna, að opinber stjórnarsýsla á Ítalíu er í molum vegna þess, að starfsmenn ríkisins eru iðulega ekki ráðnir eftir hæfileikum, heldur flokkshollustu. Þetta á við um ráðuneytin, dómstólana, lögregluna, jafnvel háskólana. En þetta er samt ekki alveg einhlítt: ítalskar óperuhljómsveitir eru til að mynda furðugóðar margar hverjar miðað við það, að þær eru yfirleitt morandi í stjórnmalaklíkuskap.

Eins er þetta á Indlandi og í mörgum öðrum fátækraríkjum, þar sem frænddrægni er landlæg. Þar eru ráðuneyti og ríkisstofnanir fleytifull af fákunnandi fólki, sem stjórnámálamenn hafa troðið þangað inn, þótt færri og færari starfsmenn gætu án efa rækt störfin betur. Tollverðir á indverskum alþjóðaflugvöllum eru iðulega fleiri en farþegarnir. Bandaríkjaforseta er á hinn bóginn bannað með lögum að skipa ættingja sína í embætti á vegum ríkisins.

Við þurfum þó sannarlega ekki að sækja dæmi af þessu tagi alla leið til Indlands eða Ítalíu. Nei, við þekkjum þetta líka í okkar nánasta umhverfi hér heima. Ég ætla að láta eitt dæmi duga hér. Félagi minn einn og vinur í Háskóla Íslands var kvaddur á fund ráðherra fyrir nokkrum árum. Erindi ráðherrans var að biðja prófessorinn að taka að sér mikilvægt embætti, enda var maðurinn mjög vel fallinn til þess. Tíminn til stefnu var naumur. Að loknum stuttum umhugsunarfresti ákvað prófessorinn að verða við ósk ráðherrans. Þá um kvöldið er hann staddur að heimili vinar síns, þegar síminn hringir. Húsbóndinn svarar. Ráðuneytisstjórinn er í símanum og segir sínar farir ekki sléttar. Ráðherranum hafði orðið á í messunni fyrr um daginn: í óðagotinu hafði hann gleymt að spyrja prófessorinn, hvar hann stæði í stjórnámálum. Gat vinurinn nú gert svo vel að upplýsa þetta, svo að ráðherrann gæti gengið frá ráðningunni?

Stjórnámálaklíkuskapur í mannaráðningum og embættaveitingum á vegum ríkis og sveitarfélaga er alvarlegt þjóðfélagsból á Íslandi og hefur verið það alla þessa öld. Margar mikilvægar stofnanir þjóðfélagsins eru verr mannaðar en þær þyrftu að vera og væru, ef stjórnendur þeirra og aðrir starfsmenn hefðu verið ráðnir eftir menntun, reynslu og öðrum verðleikum, en ekki í gegnum klíkuskap. Vandinn hér er ekki bundinn við alvarleg mistök, sem óhæfum stjórnendum og starfsmönnum hafa orðið á -- til dæmis í rekstri banka og sjóða, sem hafa tapað stórfé á liðnum árum vegna viðskipta við fyrirtæki, sem ábyrgðarlausir stjórnámálamenn höfðu velþóknun á. Nei, vandinn er meiri en svo. Hann er líka fólgin í því ranglæti, sem hæfir starfsmenn eru beittir, þegar aðrir lakari menn eru teknir fram yfir þá í gegnum stjórnámalasambönd.

Og vandinn er síðast en ekki sízt fólgin í hættunni á því, að ungt og efnilegt fólk verði smám saman afhuga almannaþjónustu, ef það sér það í hendi sér, að bezta leiðin til að komast áfram í starfi á vegum ríkis og sveitarfélaga liggur í gegnum stjórnámálaflokka, sem njóta sífellt minni virðingar, því að þá er hætt við því, að virðing slíkra starfa þverri líka mjög með tímanum og mannvalið versni eftir því. Þessa sér nú þegar stað. Ungt fólk verður að geta gengið að því vísu, að verk þess séu metin að verðleikum án tillits til fylgispektar við stjórnámálaflokka.

*Vísbinding*, 11. árgangur, 3., 6. og 8. hefti, 20. janúar, 15. febrúar og 1. marz 1993.